



## Kynsjúkdómar


Á fyrstu níu mánuðum ársins 2019 hafa 1315 einstaklingar greinst með klamydíusýkingu, þar af 602 karlar og 713 konur, 95 greindust með lekanda, þar af 85 karlar og 10 konur, 28 greindust með sárasótt, þar af 25 karlar og 3 konur. Á þessu tímabili greindust 26 einstaklingar með HIV-sýkingu, þar af 21 karl og 5 konur, allir af erlendu bergi brotnir nema einn sem var íslenskur ríkisborgari.

Klamydíusýking, sem er algengasti kynsjúkdómurinn hér á landi, er með lægra móti um þessar mundir miðað við árin


á undan. HIV-sýking greinist einkum meðal útlendinga en margir af þeim sem greinast eru með þekktu HIV-sýkingu og eru komnir á meðferð áður en þeir koma til landsins.

Athygli vekur að lekandi heldur áfram að sækja í sig veðrið og greinist áfram helst hjá íslenskum körlum (80%). Heldur hefur dregið úr aukningu sárasóttar yfir sumarmánuðina en tíðnin er samt há. Eins og áður hefur verið bent á eru þessir kynsjúkdómar frábrugðnir klamydíu hvað varðar kynjahlutfall en konur eru í meirihluta sem greinast

með klamydíu. Ef árangur á að nást í baráttunni við kynsjúkdóma þá þurfa einstaklingar að sýna meiri aðgát í kynlífi (fækka rekkjunautum og nota smokka) og leita sem fyrst til læknis við grun um kynsjúkdóm svo hægt sé að hefja meðferð sem fyrst og stytta þannig þann tíma sem viðkomandi er smitandi. Á næstunni verða gefnar út leiðbeiningar fyrir heilbrigðisstarfsmenn um rannsóknir og meðferð á kynsjúkdómum.



Mynd 1



Mynd 2

<b>Efni:</b>	<b>bls.</b>
Kynsjúkdómar.....	1
Lifrabólga C.....	2
Norræn ráðstefna um heilbrigðisviðbúnað.....	2
Hrina alvarlegra sýkinga hjá börnum af völdum E. coli baktería.....	4

**Ritstjórn**  
Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir, ábm.  
Agnes Gísladóttir  
Ása St. Atladóttir  
Guðrún Sigmundsdóttir  
Hrafnhildur B. Stefánsdóttir  
Íris Marelsdóttir  
Júlíana Héðinsdóttir  
Kamilla S. Jósefsdóttir  
Maríanna Þórðardóttir

**Ritstjóri**  
Haraldur Briem, sérstakur ráðgjafi


**Embætti landlæknis  
Sóttvarnalæknir**

Rauðarástig 10  
105 Reykjavík  
Sími 5101900  
Bréfasími 5101920  
mottaka@landlaeknir.is  
www.landlaeknir.is

## Lifrabólga C

Það sem af er árinu 2019 hafa óvenjulegir einstaklingar greinst með lifrabólgu C hér á landi eða 72 talsins. Þar af eru um 22 endursmit einstaklinga að ræða sem áður höfðu læknast af sýkingunni. Flestir þeirra eru íslenskir ríkisborgarar og kynjaskipting nokkuð jöfn. Í ársbyrjun 2016 hófst þriggja ára meðferðaráttak gegn lifrabólgu C hér á landi þar sem leitast var við að finna sýkta einstaklinga og bjóða þeim meðferð til að uppræta sýkinguna. Langflestir sem greinst hafa með lifrabólgu C hafa þegið boð um meðferð eða um 730 einstaklingar og hafa flestir hreinsast af sýkingunni. Í upphafi átaksins var talið að um 700 einstaklingar væru smitaðir af lifrabólgu C en í dag er talið að þeir séu um 60. Hins vegar hefur lítillega dregið úr nýgengi sjúkdómsins (fjölda nýgreindra tilfella) en endursýkingum hefur fjölgað.

Ofangreindar tölur sýna að meðferðaráttakið sem hér hefur verið í gangi síðastliðin 3–4 ár hefur fækkað umtalsvert sýktum einstaklingum en sýnir einnig að erfitt er að fækka nýjum sýkingum og endursmiti. Ástæðan er



vafalaust sú að hópur fíkniefnaneytenda sem sprautar sig í æð hefur stækkað á undanförunum árum en helsta smitleið lifrabólgu C er með menguðum sprautum og nálum. Þetta bendir því til þess að

herða þurfi á forvarnaraðgerðum, eins fræðslu og möguleikum á nálaskiptum hjá þeim sem sprauta sig með fíkniefnum.

## Norræn ráðstefna um heilbrigðisviðbúnað



Norðurlöndin hafa haldið árlegar ráðstefnur um heilbrigðisviðbúnað þjóðanna og skipst á upplýsingum allar götur frá 8. áratug síðustu aldar. Hafa löndin skipst á árlega að halda þessar ráðstefnur. Þegar ein slík ráðstefna var haldin á Svalbarða 10.–13. september

2001 í kjölfar árásanna á tvíburaturnna í New York ákváðu norrænu heilbrigðis-yfirvöldin að formgera þetta samstarf með því að stofna vinnuhóp á vegum heilbrigðisyfirvalda (Svalbarðshópurinn) sem hefði það hlutverk að greina hættur og leggja til sameiginlegar aðgerðir og

aðstoð gegn hættu sem skapast af ásetningi eða öðrum aðstæðum og tengist geislavirkni, lífrænum efnum og efnaslysum. Huga skyldi að stuðningi landanna hvert við annað. Samningur þessa efnis var undirritaður af norrænum heilbrigðis- og félagsmálaráðherrum í



12. árgangur. 4. tölublað. Október 2019

Svolvær í Noregi árið 2002. Íslendingar hafa frá upphafi tekið þátt í starfi Svalbarðshópsins og hefur sóttvarnalæknir verið fulltrúi Íslands í hópnum fyrir hönd íslenskra heilbrigðisyfirvalda ásamt fulltrúa frá Landspítala. Á síðari árum hafa félagsleg áföll einnig verið á verkefnaskrá hópsins.

Að þessu sinni var hin árlega norræna ráðstefna um heilbrigðisviðbúnað haldin hér á Íslandi, í Vík í Mýrdal, dagana 18.–19. september 2019. Á fundinn mættu fulltrúar frá öllum Norðurlöndunum, þar með talið frá Grænlandi og Færeyjum. Markmið ráðstefnunnar var að skoða heilbrigðisviðbúnað og viðbrögð í litlum samfélögum þar sem bjargir eru takmarkaðar. Um 60 manns var boðið til ráðstefnunnar og starfsmenn Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSU) fjölmenntu. Fulltrúar HSU fluttu meðal annars erindi um viðbrögð heilsugæslunnar við öskufalli og jarðskjálftum og við hópslysum á hringveginum. Lögreglan á Suðurlandi sagði frá samstarfi heilbrigðisþjónustu,

lögreglu og sjálfbóðaliða og fulltrúar Rauða krossins og Landsbjargar gáfu innsýn í samstarf heilbrigðisþjónustu og sjálfbóðaliða í almannavarnaástandi. Sóttvarnalæknir hélt erindi um viðbrögð við saurgerlafaraldri í Efstadal II og þær heilbrigðisógnir sem orsakast af loftslagsbreytingum. Einnig greindi fulltrúi Svíþjóðar frá því hvernig falsfrétt um ebólutilfelli hristi upp í heilbrigðisyfirvöldum í Svíþjóð. Norðmenn fjölmenntu á ráðstefnuna og einn þeirra var með erindi um viðbrögð Norðmanna vegna erfiðleika skemmtiferðaskipsins *Viking Sky* í mars síðastliðnum. Í kjölfarið flutti fulltrúi Landhelgisgæslunnar fróðlegt erindi um viðbúnað við strendur Íslands vegna atvika í hafi. Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins (ECDC) var boðið til þingsins og fulltrúi stofnunarinnar sagði frá vinnu við gerð handbókar um viðbúnað og viðbrögð sveitarfélaga við lýðheilsuógnum. Í framhaldi sagði sveitarstjóri Bláskóga-

byggðar á Suðurlandi frá hlutverki sveitarstjórna þegar lýðheilsuógn er yfirvofandi eða hefur orðið. Verkefni á vegum *Nordic Center of Excellence on Resilience and Societal Security (NORDRESS)* sem varða áhættumat og áfallaþol samfélaga, stofnana og einstaklinga.



Á meðfylgjandi mynd eru viðbragðsaðilar Suðurlands sem fjölmenntu á heilbrigðisviðbúnaðarþingið. Frá vinstri: Sveinn Kristján Rúnarsson, Björn Ingi Jónsson og Hermann Marínó Maggýjarsón.



Meðfylgjandi mynd er af þátttakendum á norrænni ráðstefnu um heilbrigðisviðbúnað en hana sóttu fulltrúar frá Álandseyjum, Danmörku, Finnlandi, Færeyjum, Grænlandi, Noregi, Svíþjóð og Íslandi.



## Hrina alvarlegra sýkinga hjá börnum af völdum *E. coli* baktería

Á tímabilinu 13.–16. júlí 2019 sýktust 24 einstaklingar af völdum ákveðinna saurgerla sem mynda eiturefnið STEC (Shiga-eiturefnamyndandi *E. coli*). Af þeim sem sýktust voru 22 börn (meðalaldur fjögur ár) og af þeim veiktust fimm með heilkenni nýrnabilunar og rauðkornarofs (*haemolytic uremic syndrome* - HUS) sem er alvarlegur sjúkdómur. Eitt af börnunum þurfti á kviðskilun að halda.

Faraldsfræðilegar rannsóknir bentu til þess að sýkinguna mætti rekja til kúabús á Suðurlandi (Efstadalur II) sem bauð ferðamönnum upp á návist við dýr og einnig heimatilbúinn ís. Umræddur sýkill fannst í kálfum, jarðvegi og einum starfsmanni bússins.

Gripið var til ýmissa ráðstafana í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og Matvælastofnun. Ísframléiðslu var hætt tímabundið, umgengni við dýr var stöðvuð og allir hreinlætisferlar voru yfirfarnir og þeir bættir.

Föstudaginn 20. september hittust ábúendur í Efstadal II ásamt fulltrúum þeirra stofnana er komu að viðbrögðum vegna saurgerlafaraldursins og rýndu saman í þá atburðarás sem fór í gang þegar börn fóru að veikjast alvarlega eftir dvöl á Suðurlandi í júní og júlí. Til fundarins var einnig boðið fulltrúum sveitarstjórnar Bláskógabyggðar, fulltrúa Auðhumlu og fulltrúa almanna-varna á Suðurlandi.

Fundurinn fór fram samkvæmt aðferðafræði ([After Action Review](#)) Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) og var fundurinn skráður á [upplýsingavef WHO um rýnifundi](#).


Sýkingar af völdum STEC hafa verið tiltölulega fáttíðar hér á landi en á hverju ári greinast stakar slíkar sýkingar sem sumar eru að öllum líkindum af innlendum toga. Árið 2007 greindust óvenjumargar sýkingar hér á



landi sem líklegt þótti að borist hefðu með innfluttu grænmeti.

Matvælastofnun greindi nýlega frá tilvist sjúkdómsvaldandi [baktería í kjöti á markaði á Íslandi](#). Þar kom fram að STEC-bakteríur finnast í 30% sýna af lambakjöti og 11,5% sýna af

nautgripakjöti. Auk þess geta bakteríurnar fundist í ógerilsneyddri mjólk. Það er því brýnt að vera á varðbergi gegn þessum vágesti.



Mynd 4